

# Umhverfisnefndarfundur

**24. janúar 2020 kl. 8:20**

Mættir: Bjarndís, Guðrún Birna, Brynja María, Margrét Lára, Tinna, Mattías, Berglind, Raket Sunna, Ísabella Sól, Sigríður Kristjáns, Sigríður Lára, Helena og Þórdís sem ritar fundargerð.

- Helena ræðir um viðburði úti í heimi t.d. skógareldana í Ástralíu sem eru afleiðing loftslagsbreytinga sem við höfum velt mikið fyrir okkur.
- Á þessum tíma árs hafa oftast farið fram rafmagnsmælingar í Heiðarskóla. Upp kom hugmynd um að færa verkefnið heim til nemenda þar sem skoðuð væri rafmagnsnotkun í eina viku þar sem eðlileg notkun er og síðan aftur eftir eina viku í rafmagnssparnaði. Allir í nefndinni eru til í að taka þátt í þessu verkefni og munu ræða það við sína bekkjarfélaga ef fleiri vilja vera með. Helena og skólastjóri senda upplýsingar til foreldra um verkefnið. Stefnt að byrja á mánudaginn 3. febrúar.
- Byrjað er að huga að skipulagi fyrir dag umhverfisins sem er í apríl. Hugmynd hefur komið upp um að fara aftur í fjöruhreinsun í sveitarfélaginu.
- Staðan tekin á flokkunarmálum í skólanum. Þarf að athuga að farið er að nota plastpoka aftur í almenna sorpið á göngunum, viljum bæta úr því og nota frekar dagblöð. Hrósað fyrir að hætt er að kaupa ísblóm á litlu jólunum og boðið upp á ís í skálum í staðinn. Minnt á að skólinn þarf að fjárfesta í hleðslubatteríum fyrir skólann og er verið að vinna í því.
- Umræða um matarsóunarverkefnið. Hægt er að sjá niðurstöðurnar í matsalnum og voru tveir bekkir sem engu hentu. Aftur verður mæling í mars.

Fundi slitið kl. 8:50

Þórdís Þórisdóttir